

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur um breytingar á starfsreglum verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar.

1. *Frá hverjum bárust ábendingar um breytingar á starfsreglum verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar sem á vefsíðu ráðuneytisins eru sagðar hafa leitt til þess að ákveðið hefur verið að leggja til breytingar á reglunum?*

Umhverfis- og auðlindaráðherra átti 17. ágúst 2015 fund með Landsvirkjun þar sem fyrirtækið lagði fram ítarlegar athugasemdir við nýsamþykktar starfsreglur verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar. Erindi Landsvirkjunar var svarað, eins og öðrum stjórn-sýsluerindum, 7. desember 2015. Hinn 24. september 2015 voru fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytis og formaður verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar boðaðir á fund atvinnuveganefndar Alþingis. Á þeim fundi voru gerðar athugasemdir við ákveðna þætti starfsreglnanna, bæði af öðrum fundargestum sem og nefndarmönnum. Á þeim fundi var því beint til ráðuneytisins að fara yfir þær athugasemdir sem gerðar höfðu verið og skoða hvort þörf væri á að gera breytingar á starfsreglum verkefnisstjórnar. Annar slíkur fundur var haldinn 6. október 2015 og voru fulltrúar ráðuneytisins auk formanns verkefnisstjórnar einnig viðstaddir hann.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vann í kjölfarið drög að breytingum á ákveðnum þáttum starfsreglna verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar. Drögin voru send verkefnisstjórn til umsagnar 11. janúar 2016 og sama dag til atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytis, í samræmi við ákvæði 6. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011. Í kjölfarið bárust athuga-semdir bæði frá verkefnisstjórn og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Lokadrög að breytingum á starfsreglum verkefnisstjórnar voru auglýst á vef ráðuneytisins 2. febrúar 2016 til almennra umsagna, og eftir að beiðni bárust um lengri umsagnarfrest var hann framlengd-ur til 22. febrúar. Á umsagnartímanum óskaði Landvernd eftir því að funda með ráðuneytinu vegna þeirra draga sem auglýst voru á heimasíðu ráðuneytisins. Sá fundur átti sér stað 17. febrúar sl.

2. *Hafði ráðherra frumkvæði að því að ábendingarnar væru gerðar og ef svo er, við hverja var haft samband og hvernig?*

Nei, ráðherra hafði ekki frumkvæði að því að ábendingar væru gerðar.

3. *Hvenær og hvernig bárust umræddar ábendingar? Eru til skrifleg og rafræn gögn um þær og feril þeirra í ráðuneytinu og hvaða gögn eru það, hver er sendandi þeirra og hver viðtakandi? Er verkefnisstjórn meðal þeirra sem fengu ábendingarnar eða var gert viðvart um þær?*

Skriflegar athugasemdir bárust frá Landsvirkjun 17. ágúst 2015. Að auki bárust skriflegar athugasemdir frá Samorku 7. október 2015 í kjölfar fundar atvinnuveganefndar Alþingis 24. september 2015. Formaður verkefnisstjórnar var viðstaddur fyrrnefnda fundi atvinnuvega-

nefndar. Skriflegar athugasemdir sem borist hafa ráðuneytinu hafa ekki verið sendar formlega til verkefnisstjórnar en þær hafa verið ræddar á upplýsingafundum ráðherra og formanns verkefnisstjórnar.